



Stefna í málefnum eldri borgara



Stefna í málefnum eldri borgara

Samþykkt í bæjarráði Reykjanesbæjar 17. maí
og bæjarstjórn 5. júní 2018.

Inngangur

Velferðarþjónustan stendur frammi fyrir nýjum áskorunum í málefnum aldraðra. Framþróun á sér stað um hugmyndafræði, orðræðu og í tækninýjungum í þjónustu við eldri borgara. Málaflokkurinn er ört vaxandi og mun breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, með auknum fjölda eldri borgara, gera meiri og aðrar kröfur til þeirra sem veita þjónustuna. Stefna ríkisins er að lágmarka stofnavistun og auka fjölbreytni við þjónustuþega í takt við færni þeirra og heilsu. Í nýlegri skýrslu starfshóps um stefnumótun í heilbrigðisþjónustu kemur fram að 85% þeirra sem eru 80 ára og eldri geta búið í sjálfstæðri búsetu og að langlega í sjúkrarýmum sé hverfandi. Þjónusta í takt við færni og heilsu er ákjósanleg og fagleg nálgun og mat á þjónustuþörf undirstaða slíkrar þjónustu.

Ríki og sveitarfélög koma bæði að þjónustu við aldraða og fer ríkið, þ.e. Velferðarráðuneytið með mállefni aldraðra að frátöldum málefnum dvalar- og hjúkrunarheimila, dagdvalar aldraðra og Framkvæmdastjóðs aldraðra sem heyrir undir Heilbrigðisráðuneytið. Almenn heilbrigðisþjónusta fyrir aldraða þ.m.t. heimahjúkrun fellur einnig undir heilbrigðisráðherra.

Verkefni sveitarfélaganna er m.a. félagsleg heimaþjónusta, félagsráðgjöf og heimsending matar. Þjónustumiðstöðvar aldraðra eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Sveitarfélögin leitast við að bjóða upp á aðgang að félags- og tómstundastarfi við hæfi og eiga í því sambandi að leggja sérstaka áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði. Félagsleg heimaþjónusta er mikilvægur stuðningur við aldraða og skal lögum skv. bjóða upp á þá þjónustu um kvöld og helgar sé þörf fyrir hendi. Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið lengur heima. Dagdvalir eru reknar af sveitarfélögum með fjárframlögum frá ríkinu. Síðast en ekki síst er það verkefni sveitarfélaga að leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða, þ.m.t. þjónustuíbúðir.

Árið 2016 var ákveðið að hefja undirbúning að stefnumótun í málefnum aldraðra í Reykjanesbæ. Í þessari vinnu er megináhersla lögð á það sjónarmið að íbúar geti sem lengst lifað sem eðlilegustu heimilislífi, á sínu eigin heimili, með þeirri þjónustu sem á þarf að halda á hverjum tíma. Einnig hvernig megi best stuðla að betra og farsælla lífi fyrir fólk á efri árum í Reykjanesbæ. Stofnaður var starfshópur með fulltrúum ólíkra hópa til þess að vinna að stefnunni ásamt forstöðumanni öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar.

Í starfshópnum sátu eftirfarandi fulltrúar:

Elva Hrund Guttormsdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjanesbæjar

Ingibjörg Steindórsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Margrét Blöndal, deildarstjóri heimahjúkrunar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Eyjólfur Eysteinnsson, Öldungaráði Suðurnesja


María Rós Skúladóttir/Ása Eyjólfsdóttir forstöðumenn öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar



Í apríl 2017 var haldið Framtíðarþing um farsæl efri ár í Reykjanesbæ með það markmið að draga fram væntingar, viðhorf og hugmyndir um hvernig stuðla megi að farsælum efri árum fyrir íbúa sveitarfélagsins. Afrakstur þeirra vinnu er að finna í skýrslu þingstjóra og skýrsluhöfundar Ingrid Kuhlman sem liggur m.a. til grundvallar drögum að stefnumótun í málefnum aldraðra.


Íbúapróun og mannfjöldaspá

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum, sérstaklega árin 2016 og 2017 þegar skortur varð á vinnuafli á Suðurnesjum, mest í tengslum við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli og við flugtengda þjónustu. Íbúafjölgun og aldursdreifing hefur verið með eftirfarandi hætti sl. 10 ár.



Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir árin 2017 – 2066 verður hlutfall 65 ára og eldri yfir 20% mannfjöldans 2039 og yfir 25% undir lok spátímans. Árið 2017 er þetta hlutfall 14% á landsvísu. Samkvæmt sömu skýrslu er hlutfall 85 ára og eldri um 2% íbúa á landsvísu og byrjar að aukast árið 2028. Spáin gerir ráð fyrir tvöföldun fram til ársins 2045 og að hlutfall 85 ára og eldri verði um 5% árið 2066. Með vaxandi ævilengd fjölgar þeim sem ná 100 ára aldri og er útlit fyrir að í þeim hópi verði fleiri konur en karlar.

Í Reykjanesbæ er hlutfall 65 ára og eldri 10% íbúa, aðeins lægra en á landsvísu, 48% karlar og 52% konur. Hlutfall 85 ára og eldri er rúmlega 1% íbúa, 47% karlar og 53% konur. Miðað við 2,5% framreikning á íbúafjölda í Reykjanesbæ á næstu árum mun fjölgunin í aldurshópnum 65+ verða 125% fram til ársins 2028. Hefur þar mest áhrif hversu stórir yngri aldurshóparnir eru (hér 51+).



Íbúapróun og mannfjöldaspá

Við mótun stefnu í málefnum aldraðra voru niðurstöður Framtíðarþings um efri ár í Reykjanesbæ sem haldið var á Nesvöllum þann 6. apríl 2017 m.a. notaðar til grundvallar. Markmið þingsins var að skapa umræðu meðal áhugasamra um málefni eldri borgara í sveitarfélaginu og draga fram væntingar, viðhorf og hugmyndir um hvernig stuðla megi að farsælum efri árum íbúa í Reykjanesbæ. Þingið heppnaðist vel og var góð þátttaka ólíkra hagsmunaaðila undirstaða þess.

Eftirfarandi niðurstöður/hugmyndir komu fram hjá þátttakendum þingsins:

Gott að búa í Reykjanesbæ

Þátttakendum líður almennt vel í Reykjanesbæ. Bæjarfélagið er vel staðsett og stutt er í alla nauðsynlega þjónustu. Fólk þekkt og heldur utan um hvert annað. Viðhorf til aldraðra er jákvætt og hlustað er á ábendingar og óskir. Ánægja er með félagsstarfið og þá afþreyingarmöguleika sem eru í boði fyrir eldri borgara. Gott sé að hafa aðgang að góðum og skemmtilegum gönguleiðum, líkamsræktartækjum á útisvæði og upphituðu húsnæði allan ársins hring.

Búsetuúrræði

Þátttakendur telja mikilvægt að fjölga búsetuúrræðum og að eldri borgarar geti dvalið heima eins lengi og þeir vilja með því að bjóða upp á sólarhringsþjónustu og góðan stuðning. Mikilvægt er talið að tryggja að hjón geti búið undir sama þaki þrátt fyrir misjafnt heilsufar. Einnig var lagt til að lækka fasteignagjöldin fyrir eldri borgara með lágar tekjur.

Heilsutengd mál

Bætt heilsugæsla þar sem allir fái sinn heimilislækni er þátttakendum ofarlega í huga. Nefnt var mikilvægi heilsueflandi starfs eldri borgara og að þeir fái aðstoð til sjálfshjálpar. Þátttakendur telja mikilvægt að Reykjanesbær auki forvarnir sem stuðli að bættri heilsu og líðan til framtíðar, m.a. með fræðslu um hreyfingu og næringu. Einnig voru nefndar hugmyndir um að fá öldrunarlækni og öldrunarsálfræðing á svæðið og að fólk fengi sinn eigin hjúkrunarfræðing.



Félagsstarf og afþreying

Þátttakendur telja mikilvægt að úrval námskeiða og tómsunda sé fjölbreytt og að það sem er í boði sé vel kynnt svo að fleiri njóti. Námskeið megi ekki kosta mjög mikið og þurfa að taka mið af nýjum kynslóðum og breyttum áhugamálum. Einnig að stuðla að auknum samskiptum milli kynslóðanna með því að láta unglinga kenna eldri borgurum og öfugt.

Virkni og þátttaka

Þátttakendur eru á því að þeir þurfi að fylgjast með í þjóðfélaginu og leggja sitt af mörkum til að bæta samfélagið. Einnig er talið mikilvægt að taka virkan þátt í því starfi og námskeiðum sem í boði eru. Það sem þeir geta sjálfir gert til að stuðla að farsælum efri árum er að þeirra mati að rækta áhugamál, stunda heilbriggt lífverni, temja sér jákvæðni, rækta félagsleg tengsl og njóta hvers dags að fullu.

Rödd eldri borgara heyrir

Þátttakendur voru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að skapa umræðuvettvang fyrir eldri borgara svo að rödd þeirra heyrir. Ýmsar hugmyndir voru nefndar eins og að styðja við hagsmunasamtök aldraðra, ráða réttargæslumenn fyrir eldri borgara, halda þjóðfundi og gera skoðanakannanir á þörfum aldraðra.

Aðgengi og umhverfi

Umhverfið hefur mikil áhrif á heilsuefingu aldraðra og mikilvægt að gönguleiðir séu góðar og bekkir settir upp við göngustíga til að hvíla lúna fætur. Einnig að aðgengi að þeim stöðum sem verið er að nota fyrir námskeið og afþreyingu sé gott og næg bílastæði. Nefnt var að fólk sem er hætt að keyra fengi greiðan aðgang að ferðaþjónustu (Frístundabíl aldraðra).

Skipulag og framtíðarsýn

Núgildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 hafa verið í endurskoðun og voru breytingar á þeim samþykktar á Alþingi 26. apríl sl. Breytingarnar taka gildi 1. október 2018 og er þar skýrt kveðið á um að við framkvæmd félagsþjónustu skulu sköpuð skilyrði til þess að einstaklingar geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Þá skal félagsleg þjónusta í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

Þátttaka eldri borgara, notendasamráð

Virkja þarf krafta eldri borgara sem er verðmæt auðlind. Þátttaka þeirra, rödd og reynsla er auður sem samfélagið býr yfir. Mikilvægt er að skapa vettvang þar sem sjónarmið þeirra fær brautargengi. Áhersla þarf að vera á að framlag eldri borgara verði sýnilegt og framlag þeirra í nærsamfélaginu eftt með fjölbreyttum leiðum. Framtíðarþing sem haldið var í tengslum við stefnumótunina er dæmi um árangursríka leið til að efla og styrkja þátttöku. Breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fela m.a. í sér að samráð við notendur í undirbúningi ákvörðunar sé lögfest og hvernig þjónustunni er háttað. Einnig er fjallað um stefnumörkun innan sveitarfélagsins. Er hér m.a. átt við a.m.k. árlega fundi með hagsmunasamtökum notenda til að tryggja aðkomu við stefnumörkun og áætlanagerð í málefnum sem varða meðlimi þeirra.

Öldungaráð

Öldungaráð Suðurnesja var stofnað 29. nóvember 2014. Hlutverk öldungaráðs hefur verið að gæta hagsmuna eldri borgara á Suðurnesjum og vera bæjarstjórnnum á Suðurnesjum til ráðgjafar í málaflóknum. Öldungaráð Suðurnesja er skipað kjörnum fulltrúum, forstöðumönnum hjúkunarheimila, fulltrúa frá þjónustuhópi aldraðra og styrktarfélagi heilbrigðisstofnunar. Fulltrúar öldungaráðs eru samtals 33 talsins með 7 manna stjórn. Ráðið hefur verið ráðgefandi um framtíðarskipulag öldrunarþjónustu,



uppbyggingu hjúkrunarheimila, þjónustu og öryggisíbúða á Suðurnesjum. Ráðið vinnur að samþættingu á þjónustu og er áhersla lögð á að efla andlega og líkamlega líðan eldri borgara m.a. með skilvirkri lækniþjónustu, heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu, dagvistun, iðju og sjúkrabjálfun sem hvetur til líkamsræktar og lífsleikni.

Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra starfar í dag samkvæmt lögum í hverju heilsugæsluumdæmi og er samstarfshópur starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu á svæðinu. Við breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga var lögð áhersla á að stjórnýsla í öldrunarmálum yrði einfölduð og var það niðurstaðan að öldungaráð tækju við hlutverki þjónustuhóps aldraðra með viðeigandi breytingum á lögum um málefni aldraðra. Í samræmi við það er í 38. gr. nýju laganna kveðið á um formlegan samráðsvettvang sem nefnist öldungaráð, þar sem fjallað eru um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði „skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.“ Jafnframt eru gerðar breytingar á þeim greinum í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 sem fjalla um þjónustuhóp aldraðra og fær öldungaráð hlutverk þjónustuhópsins í þeim lögum.

Aðstandendur

Mikilvægt er að styðja við og veita ráðgjöf til aðstandenda. Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar ásamt því að hægt sé að sækja ráðgjöf og leiðbeiningar sé þess þörf. Oft hvílir töluverð ábyrgð á höndum umönnunaraðila og þeir oft bundnir yfir veikum aðstandanda. Félagslegur stuðningur ásamt stuðningi frá heilbrigðiskerfinu þarf því að vera aðgengilegur og tryggja þarf að biðlistar í úrræði séu ekki of langir.

Opin öldrunarþjónusta

Á framtíðarþinginu var ekki annað að finna en almenna jákvæðni í garð þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið er að veita í málefnum aldraðra þótt alltaf megi gera betur. Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 er kveðið á um opna öldrunarþjónustu í IV. kafla. Þar fellur undir sú þjónusta sem veitt er öldruðum sem búa sjálfstæðri búsetu og eru metnir í þörf fyrir þjónustu til að geta búið áfram heima við sem mest lífsgæði. Hér er um að ræða félagslega heimaþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustumiðstöðvar aldraðra og dagdvalir aldraðra. Í 13. gr. nógildandi laga um málefni aldraðra er kveðið á um að veita skuli heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Auk þess sem leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða að leiðarljósi.

Með fyrirbyggjandi breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka gildi 1. október 2018 fær VII. kafli nógildandi laga sem hefur fyrirsögnina „Félagsleg heimaþjónusta“ fyrirsögnina „Stuðningsþjónusta“. Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir dagslegs lífs og/eða til að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta hefur það meginmarkmið að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi. Hér er um nokkuð veigamikla breytingu á lögunum að ræða því stuðningsþjónustan er víðtækari en félagsleg heimaþjónusta í nógildandi lögum. Stuðningsþjónusta er fyrir alla sem metnir eru í þörf fyrir viðvarandi eða tímabundnar stuðningsþarfir og er þjónustan ekki bundin við heimili heldur er henni ætlað að ná til þjónustu við athafnir daglegs lífs og til að rjúfa félagslega einangrun. Þjónustan getur verið í allt að 15 tíma þjónustu á viku, sem er mun meira tímamagn en er til ráðstöfunar í núverandi þjónustuformi félagslegrar heimaþjónustu. Ráðherra gefur út leiðbeiningar um framkvæmd stuðningsþjónustu, tímafjölda og mat á þörf í samráði við Samband íslenskra sveitar-



félaga og sveitarstjórn setur nánari reglur um stuðningsþjónustu á grundvelli leiðbeinandi reglna. Séu stuðningsþarfir metnar umfram 15 tíma á viku þá tekur við þjónusta skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem munu taka gildi á sama tíma og breytingarnar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þ.e. 1. október 2018. Sú nýjung er í lögnum að einstaklingar og barna-fjölskyldur sem eru metnar í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta sótt um að gera notendasamninga um framkvæmd þjónustunnar. Sveitarfélagið þarf að setja sér reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þeirra. Öldrunarþjónusta Reykjanesbæjar vinnur í nánu og góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og aðra sem að málaflökknum koma. Reglulegir samráðsfundir eru á milli stofnana þar sem unnið er að því að samþætta þjónustu þannig að einstaklingurinn fái bestu mögulegu þjónustu. Samstarf og samþætting verkefna innan Velferðarsviðs er mikilvægur þáttur í því að veita sem besta mögulega stuðningsþjónustu.

Eins og áður hefur verið vikið að heyra þjónustumiðstöðvar og dagdvalir aldraðra til opinnar öldrunarþjónustu og er vikið að þessum þáttum næst.

Nesvellir

Markmið Nesvalla er að skapa samfélag þar sem aðstaða, þjónusta og umgjörð eru til þess fallin að auka lífsgæði íbúa Reykjanesbæjar. Í miðkjarna Nesvalla er þjónustumiðstöð sem er hjarta Nesvalla. Þar er öldrunarþjónusta Reykjanesbæjar með starfsemi sína, félagslega ráðgjöf, félagslega heimaþjónustu, heimsendingu matar o.fl. Á Nesvöllum eru einnig almennar leiguíbúðir fyrir eldri borgara og Hrafnista rekur þar 60 rýma hjúkrunarheimili. Gott samstarf er á milli tengdra aðila og margir þættir samreknir til hægðarauka.

Í þjónustumiðstöðinni er mötuneyti, almenn dagdvöl aldraðra, sjúkráþjálfun, fótaaðgerðarstofa, læknisþjónusta, snyrtistofa, hárgreiðslustofa ásamt aðstöðu fyrir Félag eldri borgara á Suðurnesjum. Útisvæði er aðgengilegt og vænt til hreyfingar. Mikið og öflugt félagsstarf er í boði alla virka daga. Nesvellir er skemmtilegt samfélag þar sem öll aðstaða, þjónusta og umgjörð eru til þess gerð að notendur þjónustunnar skapi í samstarfi við starfsfólk einstaka menningu.

Virgni og þátttaka

Félagsstarf eldri borgara skipar stóran sess í öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar. Félagstarfið er með aðsetur á Nesvöllum og þar fer fram fjölbreytt félags- og tólmundastarf. Einnig er boðið upp á íþróttir utan Nesvalla. Leggja þarf áherslu á að efla félagsstarf og auka fjölbreytni. Aukin tækniþróun kallar á nýja kunnáttu sem kynna þarf fyrir eldri borgunum. Lagður hefur verið grunnur að aukinni sjálfbærni og valdeflingu í starfinu sem styrkja má enn frekar. Mikilvægt er að efla samstarf við frjáls félagasamtök og hagsmunahópa um málefni eldri borgara. Þeir hópar sem að málaflökknum koma hafa haft aðgengi að húsnæði á Nesvöllum þeim að kostnaðarlausu.

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl aldraða er rekin á Nesvöllum og fyrir minnisskerta í Selinu. Dagdvöl er stuðningsúrræði fyrir fólk sem býr í heimahúsum og felur í sér tímabundna dvöl einn til fimm daga vikunnar. Þar fer fram félagsleg virkni, heilsurækt, aðstoð við böðun, máltíðir og hvíldarstund. Dvalargestir eru sóttir og keyrðir heim eftir þörfum. Dagdvalarpláss eru fjármögnuð af ríkinu og eru leyfi frá 1. maí 2018 alls 18 talsins í dagdvöl Nesvöllum og 15 í dagdvöl minniskertra í Selinu. Dagdvalir eru mikilvægt úrræði til að efla lífsgæði fólks, sporna við stofnanadvöl og til að auka færni til sjálfstæðrar búsetu til lengri tíma.



Húsnæðismál

Húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar var samþykkt á vormánuðum 2018. Henni er ætlað að stuðla að því að íbúar sveitarfélagsins hafi öruggt húsnæði hvort sem fólk þarfnast stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki. Áætlunin nær þannig utan um húsnæðisþarfir allra íbúa, óháð stöðu, eignaformi, stærð og gæðum húsnæðis. Sveitarfélagið rekur í dag leiguíbúðafélag fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem sökum lágra launa eða þungrar framfærslubyrðar þurfa stuðning við húsnæðisöflun. Rekstur kerfisins hefur verið hjá Fasteignum Reykjanesbæjar ehf. sem rekur 170 félagslegar leiguíbúðir auk 64 íbúða fyrir aldraða. Á grundvelli nýrra laga um almennar íbúðir, sem sett voru í maí 2016, hefur húsnæðissjálfsagnarstofnunin Almennar íbúðir nú tekið við rekstri íbúðanna. Að frátöldum íbúðum Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. eru um 125 leigu/búseturéttaríbúðir fyrir aldraða í sveitarfélaginu þ.e.a.s. íbúðir Nesvalla íbúða ehf. og Búmannna. Eins og fram kemur í húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar, er samkvæmt könnun varasjóðs húsnæðismála um stöðu leiguíbúða íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016, hægt að draga þá almennu ályktun að hlutfall félagslegs húsnæðis og húsnæðis fyrir aldraða sé hátt í Reykjanesbæ.

Það breytir því þó ekki að í niðurstöðum framtíðarpingsins kemur fram að eldri borgarar vilja fjölga búsetuúrræðum þannig að þeir geti búið eins lengi og unnt er í sjálfstæðri búsetu og að leggja eigi áherslu á að hjón geti sem lengst búið saman eða í það minnsta undir sama þaki þótt heilsufari hraki. Tryggja þurfi að einstaklingar geti búið í sjálfstæðri búsetu eins lengi og unnt er með fjölbreyttum hætti. Á meðal húsnæðisúrræða sem getið eru um í lögum um málefni aldraðra eru þjónustuíbúðir aldraðra.

Þjónustuíbúðir

Þjónustuíbúðir aldraðra eru skilgreindar í 4.gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 sem sjálfseignar-, leigu eða búseturéttaríbúðir þar sem skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu. Hér getur verið um að ræða mat, þvotta, þrif og aðgang að félagsstarfi. Um er að ræða íbúðir á viðráðanlegu verði þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Úthlutun á slíku húsnæði skal grundvallast á faglegu mati þar sem tekið er tillit til líkamlegrar og andlegrar heilsu, húsnæðisaðstæðna og fjárhagsstöðu.

Öryggisíbúðir

Öryggisíbúðir er búsetuúrræði fyrir einstaklinga eða hjón sem vilja búa í sjálfstæðri búsetu en hafa tryggt öryggi í formi sólarhringsvöktunar og aðkomu fagfólks ef þörf krefur. Íbúar hafa aðgang að almennum úrræðum eins og félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun eftir þörfum. Upphaflega voru íbúðir á Nesvöllum útbúnar sem öryggisíbúðir þar sem íbúar áttu að hafa beinan aðgang að Öryggismiðstöðinni með öryggishnappi. Í dag er það undir íbúum sjálfum komið hvort þeir er með þessa þjónustu og greiða þá fyrir hana sjálfir.

Hjúkrunarheimili

Hrafnista rekur 60 rýma hjúkrunarheimili á Nesvöllum og 30 hjúkrunarrými á Hlévangi. Auk þessara tveggja hjúkrunarheimila eru 20 rými á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík og fimm endurhæfingarými á HSS. Legið hefur fyrir í nokkurn tíma að þörf er á frekari uppbyggingu hjúkrunarheimila á Suðurnesjum og á það einnig við í Reykjanesbæ. Sé áætluð þörf reiknuð út frá reiknilíkani Velferðaráðuneytisins þá ættu á Suðurnesjum að vera 151 hjúkrunarrými en þau eru í dag 115. Í ljósi þess hefur verið lögð fram umsókn um byggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis að Nesvöllum í Reykjanesbæ. Markmiðið með nýrri byggingu er að mæta þörfum þeirra sem nú eru á biðlista eftir hjúkrunarrými en jafnframt bæta þau hjúkrunarrými sem nú eru á Hlévangi. Það húsnæði er gamalt og þarfnast umtalsverðs viðhalds og viðgerða. Með byggingu nýs hjúkrunarheimilis gefst tækifæri til að loka því húsnæði. Sé eingöngu reiknuð þörfin fyrir Reykjanesbæ þá er hún skv. þessari reikniformúlu þegar



Í dag 113 hjúkrunarrými og mun þörfin á hjúkrunarrýmum, miðað við fyrirbyggjandi forsendur um íbúapróun, nærri því þrefaldast á næstu 10 árum.

Forvarnir

Einstaklingum á eftirlaunaaldri mun fjölga á Íslandi úr 38 þúsund í um 65 þúsund einstaklinga eða rúm 70% á næstu 15 árum. Náí lagabreytingar í gegn varðandi þátttöku 70 ára og eldri á vinnumarkaði mun virk þátttaka þeirra á vinnumarkaði aukast. Áhersla á forvarnir, heilðræna og markvissa heilsuefningu og sjálfstæða búsetu hefur því sjaldan verið brýnni og lykilstoð í stefnumótun í öldrunarþjónustu.

Heilsueflandi samfélag

Reykjanesbær er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag. Verkefnið er unnið í samvinnu við Embætti landlæknis og miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsuefningu til allra aldurshópa. Einnig að stuðla að bættri heilsu og auknum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins. Samningur við Embætti landlæknis var undirritaður í október 2016 og stofnaður stýrihópur ýmissa hagsmunaaðila til að veita verkefninu brautargengi. Mikilvægt er að koma stoðum undir verkefnið þannig að það verði sjálfbært.

Fjölpætt heilsuefning- leið að farsælli öldrun

Reykjanesbær vinnur að verkefninu Fjölpætt heilsurækt í samstarfi við dr. Janus Guðlaugsson íþrótt- og heilsufræðing, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Uppbyggingasjóð Suðurnesja og fleiri aðila. Verkefnið snýr að því að koma á fót skipulagði hreyfingu til lengri tíma í Reykjanesbæ fyrir eldri aldurshópa 65+. Markmiðið með verkefninu er að efla getu eldri borgara til að sinna daglegum athöfum eins lengi og kostur er, að þeir geti búið sem lengst í sjálfstæðri búsetu og að seinka megi innlögn á dvalar- og hjúkrunarheimili. Markmiðið er einnig að efla heilsutengd lífsgæði eldri aldurshópa í sveitarfélögum með markvissri heilsuefningu. Verkefninu var hrint í framkvæmd á vormánuðum 2017 og er þátttaka virkilega góð. Alls 120 eldri borgarar skráðu sig til þátttöku í upphafi og aðrir 100 bættust við í upphafi árs 2018. Þar sem verkefnið er rannsóknartengt hafa niðurstöður sýnt mælanlegan árangur í bættri heilsu og líðan þátttakanda. Meðal þess sem rannsóknarniðurstöður hafa sýnt að þátttakendur sem eru með efnaskiptavillu, sem vitað er að eru í áttfalt meiri áhættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma, gátu haft áhrif á þennan þátt með þátttöku í verkefninu. Fækkaði þátttakendum í þessum áhættuhópi um 40,2% á sex mánaða tímabili. Þátttaka í fjölpætt heilsuefningu er því að skila mælanlegum árangri og heilsufarslegum ávinningi.

Aðgengi og umhverfi/samgöngur

Umhverfið hefur mikil áhrif á heilsuefningu eldri borgara og hefur því einnig mikið forvarnargildi. Mikilvægt er að hafa góðar gönguleiðir og bekkir séu settir upp við göngustíga og á gangstéttar til að hvíla lúna fætur í gönguferðum sér til heilsuræktar eða til að sækja þjónustu og viðburði. Gott aðgengi þarf að vera að bílastæðum og almenningssamgöngur aðgengilegar. Íbúar Reykjanesbæjar búa við þær góðu aðstæður að hafa aðgang að upphituðu húsnæði í Reykjaneshöll allan ársins hring þar sem hægt er að stunda hreyfingu. Tvær sundlaugar eru í Reykjanesbæ og greiða eldri borgarar lágmarksgjald. Gott aðgengi er að þúttvelli í miðbæ Reykjanesbæjar og góður hópur eldri borgara nýtir hann. Að unnið sé í byggingar- og umhverfismálum skv. leiðbeiningunum Aðgengi fyrir alla kemur jafnt öldruðum sem öðrum íbúum sveitarfélagsins til góða.



Velferðar- og upplýsingatækni

Þróun og innleiðing á nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu er nýleg og felur í sér ýmsar tæknitengdar lausnir sem einstaklingar geta notað til þess að styrkja getu sína til sjálfshjálpar, samfélagsþátttöku og aukinna lífsgæða. Mikilvægt er að fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað á þessu sviði og koma upplýsingum á framfæri varðandi nýjungar og framboð á því sem nýst getur eldri borgurum í sveitarfélaginu.

Matstæki í félagslegri heimaþjónustu

Hafin er innleiðing á matskerfinu RAI home care í félagslegri heimaþjónustu, en Embætti landlæknis hefur verið að innleiða kerfið í heimahjúkrun heilsugæslustöðva. RAI-mat er alþjóðlegt mælitæki til að meta heilsufar, hjúkrunarþarfir og þörf skjólstaðinga fyrir þjónustu. Innleiðing á slíku matstæki mun efla faglega nálgun, skilvirkni og utanumhald þjónustunnar. Einnig mun notkun slíks mats stuðla að auknu samstarfi og aukinni samþættingu við heimahjúkrun en til stendur að innleiðing á sama matstæki fari fram þar. Mikilvægt er að stuðla að auknu gagnsæi í ákvarðanatöku og að vel sé haldið utan um skráningu og utanumhald gagna. Stefna þarf að aukinni rafrænni skráningu á gögnum innan öldrunarþjónustunnar.

Currón- Care on

Í öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar er verið að prófa heimaþjónustukerfi Currón í stjórnun, skráningu og utanumhaldi þjónustusamninga og skipulagi á félagslegri heimaþjónustu. Kerfinu er ætlað að auðvelda utanumhald utan um verkáætlanir starfsfólks, þjónustusamninga, skýrslu- og reikningagerð ásamt úrvinnslu gagna.

Mikilvægt er að fylgjast vel með og afla sér frekari upplýsinga um hvaða velferðartækni er í boði, hvort og þá með hvaða hætti hún gæti gagnast þjónustunotendum og þjónustuveitendum í öldrunarþjónusta Reykjanesbæjar. Ýmis konar aðstoð, vöktun, meðferð og þjálfun á sér í dag stað með aðstoð velferðatækninnar og á þessi vettvangur eftir að þróast enn frekar.

Upplýsingamiðlun

Aðgengi að upplýsingum um öldrunarþjónustu bæjarins hefur verið gott og þarf að tryggja að svo verði áfram. Bæta má stafræna upplýsingamiðlun þannig að upplýsingar á heimasíðu séu aðgengilegri og notendavænni. Einnig er mikilvægt að styrkja upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum en þáttur þeirra mun væntanleg aukast á komandi árum. Mikilvægt er að aðgengi að upplýsingum sé öllum aðgengilegt og við framsetningu upplýsinga sé tekið mið af því fjölmenningslega samfélagi sem til staðar er í Reykjanesbæ.

Mannauður

Fjölga þarf fagmenntuðu starfsfólki innan öldrunarþjónustunnar og gera umönnunarstörfin að áhugaverðum valkosti við starfsval atvinnuleitenda, jafnt fagmenntaðra sem annarra. Fjölbreytni í menntun starfsfólks er mikilvægur grunnur ásamt góðu aðgengi að símenntun og fræðslu. Þekking, starfsánægja og reynsla eru mikilvægir þættir í hverri stofnun. Heilsueflandi starfsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á hreyfingu og heilbriggt lífverni, stuðlar að því að starfsmenn bregðist betur við líkamlegu og andlegu álagi. Starfsmenn þurfa að hafa aðgengi að handleiðslu hjá sínum yfirmönnum og utan stofnunnar þegar þess gerist þörf. Starfsumhverfi stofnunnar þarf að vera þannig að fagfólk og aðrir sækist eftir að vinna innan hennar.



Framtíðarsýn í málefnum aldraðra

Stefna í málefnum aldraðra þarf að leggja áherslu á forvarnir í sem víðasta skilningi. Heilsueffingu sem bætir lífgæði eldri borgara, aðstoðar þá við að halda sem lengst færni og getu til að lifa sem sjálfstæðustu lífi á eigin heimili. Stuðningsþjónusta þarf að vera til staðar í samræmi við þarfir á hverjum tíma og vera valdeflandi og til þess fallin að eldri borgarar efli sjálfstæði, færni og getu. Taka þarf tillit til þeirra velferðartækni sem hefur rutt sé til rúms og mun gera í framtíðinni og skoða með hvaða hætti hún getur enn frekar stutt við virkni, sjálfstæði og þátttöku í daglegu lífi. Það er líka mikilvægt að stofnanþjónusta sé til staðar þegar hennar er þörf. Samráð, samstarf, samþætting og samvinna eru lykilatriði við uppbyggingu öldrunarþjónustunnar hjá sveitarfélagi og ríki. Skv. greiningargögnum er kostnaður vegna ársdvalar eins einstaklings á stofnun fyrir aldraða u.þ.b. 13 milljónir króna á ári. Það er því til mikils að vinna ekki bara m.t.t. heilsufars og virkni í daglegu lífi, heldur einnig fjárhagslega með því að efla forvarnir og setja inn snemmtækan stuðing þegar hans er þörf.